

2. gr.

Aðlögunargjald skv. 1. gr. skal greiða af tollverði innfluttrar vöru og skal innheimt á sama hátt og aðflutningsgjöld og njóta sömu lögverndar og þau gjöld. Að þessu og öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 47/1960 um tollvörugæmslur o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, með áorðnum breytingum, eftir því sem við á.

3. gr.

Hafi innflytjandi afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað áður en gjaldtaka skv. 1. gr. er ákveðin skal varan tollafgreidd án greiðslu aðlögunargjalds, en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið innan tíu daga frá gildistöku gjaldsins.

Aðlögunargjald skal einnig greiða af vörum sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir gildistöku gjaldsins gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., nema fullnaðar-tollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá því að gjaldtaka skv. 1. gr. er ákveðin.

4. gr.

Óheimilt er að hækka vegna álagningar aðlögunargjalds verð á birgðum vöru sem aðlögunargjaldið hefur ekki verið greitt af.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál eða laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnis-hömlur og óréttmæta viðskiptahætti, eftir því sem við á.

5. gr.

Af vörum, sem tollfrjálsar eru skv. 2. gr. tollskrárlaga eða undanþegnar hafa verið tolli að öllu leyti samkvæmt ákvæðum 3. gr. tollskrárlaga, og án tillits til uppruna, eða samkvæmt öðrum lögum, skal ekki innheimta aðlögunargjald.

6. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða vörur skulu gjaldskyldar skv. 1. gr. og önnur atriði varðandi innheimtu gjaldsins. Á sama hátt má ákveða í reglugerð að leggja megi á og innheimta í einu lagi aðlögunargjald samkvæmt lögum þessum og jöfnunargjald samkvæmt lögum nr. 83/1978 svo og að setja megi í eina reglugerð ákvæði um framkvæmd þessara laga. Ráðherra skal heimilt að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu skv. 1. gr. ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

7. gr.

Tekjum af aðlögunargjaldi á árinu 1979 skal varið til sérstakra iðnþróunar-aðgerða samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnar, að fengnum tillögum iðnaðarráð-herra.

Á sama hátt skal tekjum af gjaldinu á árinu 1980 varið til eflingar iðnþróun samkvæmt ákvæðum fjárlaga.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1979 og gilda til 31. desember 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samstarfsyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar segir: „að samkeppnisstaða iðn-aðarins verði tekin til endurskoðunar og spornað verði með opinberum aðgerðum gegn óeðlilegri samkeppni erlends iðnaðar, meðal annars með frestun tollalækkana“.

Markmið þessa frumvarps er í samræmi við fyrrgreinda stefnu, fyrst og fremst það að veita íslenskum iðnaði aukinn tíma til aðlögunar að fríverslun og að skapa

fjárhagslegt svigrúm til nauðsynlegra iðnþróunaraðgerða. Telja verður að með lögfestingu sérstaks tímabundins aðlögunargjalds og ráðstöfun tekna af gjaldinu til sérstakra iðnþróunaraðgerða felist ígildi frestunar tollalækkana, eins og ríkisstjórnin hafði heitið í samstarfsyfirlýsingu sinni.

Þessi stefnumörkun á rætur sínar að rekja til þess, að eftir því sem lengra hefur liðið á aðlögunartíma íslensks iðnaðar að friverslun hefur komið greinilegar í ljós að staða hans á heimamarkaði er í mörgum greinum veikari en æskilegt væri. Enn fremur hefur þróun útflutningsiðnaðar hér á landi orðið mun takmarkaðri en ráð hafi verið fyrir gert, miðað við þann tollfrjálsa markað sem hann fékk aðgang að með aðildinni að EFTA og gerð viðskiptasamnings Íslands við EBE. Þessi staða iðnaðarins á sér margar ástæður sem hér verður lauslega drepit á.

Dótt samið hafi verið um 10 ára aðlögunartíma tollalækkana gagnvart banda-lögunum má benda á, að hvert skref tollalækkanna var mun stærra en iðnaður annarra þjóða Vestur Evrópu þurfti að taka á sig í aðlögun sinni að friverslun, þar sem algengt var að íslenskir verndartollar væru allt að 100% í upphafi aðlögunar-tímans á móti 10–30% verndartollum í upphafi friverslunar í Evrópu.

Á þeim tíma sem íslenskur iðnaður hefur þurft að aðlagast friverslun hefur hag-vöxtur verið mun hægari í Vestur Evrópu en á sjöunda áratugnum, þegar önnur lönd álfunnar gengu til friverslunarsamstarfs, en þetta var tímabil óvenjumikils hagvaxtar. Þessi almennu skilyrði, samhliða því að samkeppnisþjóðir okkar hafa sumar hverjar gripið til viðtækra og vaxandi stuðningsaðgerða við sinn iðnað, hafa ugglaust hamlað þróun íslensks iðnaðar á þessu tímabili.

Á áttunda áratugnum fer fyrst að gæta í ríkum mæli vaxandi samkeppni á mörku-uðum Vestur Evrópu frá láglaunalöndum Suð-austur Asíu. Þessar þjóðir hafa á síðustu árum rutt sér mjög til rúms á mörkuðum hinna þróðuðu þjóða og þá helst í vinnuafsfrekum greinum sem krafist hafa lítillar tækniþekkingar. Má raunar segja, að margar hefðbundnar iðngreinar Vestur Evrópu eigi í mjög miklum erfiðleikum vegna þessarar þróunar og vafasamt að þær nái nokkru sinni fyrri styrk. Mikilvægt er að Íslendingar dragi réttar ályktanir af þessari þróun við uppbyggingu iðnaðar hér á landi.

Sambýli íslensks iðnaðar við öflugan sjávarútveg hefur að margra dómi verið verulegur þröskuldur á þróunarbraut hans á síðustu árum, þegar verndartollar vega ekki lengur upp það misræmi sem verður til innbyrðis milli sjávarútvegs og iðnaðar, með margháttadri sérstöðu sjávarútvegsins. Má þar nefna hærri fram-leiðni, betri fjármagnsfyrirgreiðslu, aðstöðumun í sköttum og að því ógleymdu að á undanfórnum árum hefur útvegurinn notið hagstæðra ytri skilyrða. Gengisskráning sú, sem af þessari hagstæðu þróun hefur leitt, hefur verið iðnaðinum ófullnægjandi eins og mörg dæmi undanfarin ár sýna, bæði hvað varðar samkeppnisstöðu á heimamarkaði og við útflutning.

Þá má nefna sem veigamikla skýringu á þróun iðnaðarins á þessum ára-tug, að af hálfu stjórnvalda hefur hingað til ekki verið mótuð samræmd stefna um iðnþróun með þeirri nauðsynlegu samstillingu margvíslegra aðgerða sem slík stefna óhjákvæmilega gerir kröfu til. Skortur á slíkri stefnu hefur valdið því að iðnaður-inn býr að mörgu leyti við ófullnægjandi samkeppnisaðstæður sem brýna nauðsyn ber til að bætt verði úr.

Margt bendir nú til þess, að til þurfi að koma stóraukin áhersla á eflingu inn-lends iðnaðar, bæði þess sem fyrir er og vaxtarmöguleika hefur, og á þróun ný-iðnaðar, ef takast á að bæta þau lífskjör sem þjóðin hefur áunnið sér. Má í því sam-bandí vitna í skýrslu OECD sem birt var hinn 8 maí s. l. en þar segir í lauslegri þýð-ingu:

„Löggð er áhersla á þörf fyrir aukna fjölbreytni í íslensku atvinnulífi vegna tak-markaðs svigrúms í aukningu fiskafla, þegar til nokkurs tíma er litið, vegna ríkjandi ástands þýðingarmikilla fiskstofna, bæði þorsks og loðnu, á íslenskum fiskimiðum og vegna nauðsynjar á verndaraðgerðum. Án mjög verulegs bata í viðskiptakjörum

á næstu árum verður vöxtur rauntekna því að miklu leyti að byggjast á nýjum iðnaði sem komi í staðinn fyrir innflutning eða til aukningar á útflutningi.“

Þær almennu skýringar sem hér hafa verið gefnar á vandamálum innlends iðnaðar bera með sér að vandamál hans eru í stórum dráttum almenns eðlis en takmarkast ekki við sérstök vandamál í einstökum greinum. Vegna mikillar verðbólgu og lítillar aukningar framleiðni og framleiðslu á undanförunum árum hefur iðnaðurinn orðið að þola mjög minnkaða arðsemi. Á árunum 1970 til ársloka 1977 var hreir aukning starfa í iðnaði 1 300 ársmenn. Þessi aukning samanstendur af 1 800 ársmanna aukningu í þeim greinum iðnaðar, þar sem vöxtur átti sér stað á tímabilinu, en aftur á móti fækkun um 500 ársmenn í öðrum greinum. Þessa hreinu aukningu starfa í iðnaði á milli árunna 1970 og 1977 má bera saman við nýjustu spá um þörf á nýjum störfum í iðnaði en hún nemur um 3 000 ársmönnum fram til 1982 og 6 300 fram til 1987. Sýna þessar tölur glögg þá sérstöku áherslu sem leggja verður á iðnþróun á komandi árum.

Á tímabilinu 1968 til 1973 tvöfaldaðist iðnaðarframleiðsla á Íslandi en frá árinu 1973 hefur framleiðslan aukist mun hægar. Framleiðni íslensks iðnaðar hefur þróast á svipaðan hátt, með um það bil 7% aukningu milli árunna 1968 og 1973, en síðan hefur verulega dregið úr vexti hennar. Samanburður milli framleiðni vinnuafis í iðnaði á Íslandi annars vegar og í öðrum löndum hins vegar sýnir að Ísland hefur um það bil 20—40% lægri framleiðni í iðnaði en flestar þjóðir Vestur Evrópu og jafnframt að núverandi stig framleiðniaukningar liggur töluvert að baki aukningunni í flestum samkeppnislöndum.

Athyglisvert er í sambandi við þróun íslensks iðnaðar á tímabili fríverslunar hve útflutningur iðnaðarvara hefur verið takmarkaður. Að frádregnum útflutningi á áli nam útflutningur iðnaðarvara á árinu 1978 aðeins 6,3% af heildarútflutningi og að frátöldum útflutningi á ksilgúr, lagmeti og ullar- og skinnavörum nam útflutningurinn aðeins 0,74% af heildarútflutningi. Engin teikn eru enn á lofti um að hlutfall þetta fari hækkandi hvað varðar almennar iðnaðarvörur.

Þrátt fyrir það sem fyrr er rakið, verður því ekki á móti mælt að fríverslun hefur styrkt margar íslenskar iðngreinar verulega, sem meðal annars kom fram í verulega aukinni framleiðni fyrstu árin, jafnframt því sem gæði innlendrar iðnaðarvöruframleiðslu hafa stórukist. Hins vegar hafa þessar framfarir ekki megnað að lyfta því Grettistaki til útflutnings sem að var stefnt, enda þótt umtalsverður árangur hafi náðst í nokkrum greinum.

Eins og fyrr segir á mál það, sem hér um ræðir, rætur í málefnaýfirlýsingu núverandi stjórnarflokka við myndun ríkisstjórnarinnar í september 1978. Það þykir því nauðsynlegt við framlagningu þessa frumvarps að rekja til nokkurrar hlítar hvernig ríkisstjórnin hefur staðið að framkvæmd þessa stefnuatriðis stjórnarsáttmálans.

Þegar áform ríkisstjórnarinnar um frestun tollalækkana urðu kunn hjá EFTA og Efnahagsbandalaginu kom í ljós að viðsemjendur okkar innan þessara bandalaga voru mótfallnir slíkum aðgerðum af hálfu Íslands og lögðu eindregið til að slíkt væri ekki gert. Fastafulltrúar Íslands hjá þessum samtökum hvöttu til mikillar varfærni í málinu. Vegna þessara viðbragða var málið skoðað mjög vandlega og niðurstaða þeirrar athugunar varð eftirfarandi:

1. Einhliða frestun tollalækkana án samráðs við EFTA og EBE virðist ekki samrýmast skuldbindingum Íslands samkvæmt EFTA samningnum og samningi okkar við Efnahagsbandalagið.
2. Ef Ísland færi fram á það við hin aðildarríkin, að þau samþykktu frestun tollalækkana, þyrfti að leggja málið fyrir þjóðþing allra viðkomandi landa til samþykktar sem breyting á EFTA sáttmálanum. Viðbúið væri að það tæki lengri tíma en eftir er af aðlögunartíma Íslands.

Að þessari athugun lokinni ákvað ríkisstjórnin að falla frá frestun tollalækkana og fara heldur ekki fram á að aðildarríkin samþykktu breytingu á EFTA samn-

ingnum í þá veru. Í þess stað skyldi gripið til annarra aðgerða sem kæmu að sömu notum til stuðnings íslenskum iðnaði.

Á ráðherrafrundi EFTA í nóvember 1978 lýsti viðskiptaráðherra því yfir í yfirlýsingu sinni að íslenska ríkisstjórnin hefði fallið frá hugmyndum sínum um frestun tollalækkana en hefði í huga aðrar aðferðir til að bæta samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar og þær yrðu kynntar fyrir EFTA ríkjunum síðar. Í samræmi við framanritað gaf ríkisstjórnin út fréttatilkynningu í upphafi árs 1979 um opinberar stuðningsaðgerðir við íslenskan iðnað og hafa sumar þessara aðgerða þegar komið til framkvæmda en aðrar eru á undirbúningsstigi.

Hinn 2. jan. 1979 samþykkti ríkisstjórnin enn fremur að láta fara fram athugun á forsendum fyrir hækkun jöfnunargjalds (sbr. lög nr. 83/1978) með það að markmiði að hækka jöfnunargjaldið að höfðu samráði við EFTA og EBE. Á þessum fundi sínum samþykkti ríkisstjórnin jafnframt að verja tekjum af gjaldinu til iðnþróunaraðgerða ef það yrði hækkað. Í framhaldi af þessari ákvörðun var settur á fót starfshópur með fulltrúum fjármálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, viðskiptaráðuneytis og Þjóðhagsstofnunar til athugunar á forsendum fyrir hækkun jöfnunargjalds. Í þessum starfshóp voru þeir Þorsteinn Ólafsson, Jón Skaftason, Pétur Sæmundsen, Ólafur Davíðsson og Þorsteinn Geirsson. Skilaði starfshópurinn skýrslu um málið til ríkisstjórnarinnar 26. jan. 1979.

Í niðurstöðu starfshópsins komu fram skiptar skoðanir um gildi raka fyrir hækkun jöfnunargjaldsins en þó taldi hópurinn rétt að á málið yrði látið reyna í viðræðum við EFTA og EBE. Starfshópurinn kannaði einkum eftirfarandi rök fyrir hækkun jöfnunargjaldsins:

1. Til jöfnunar vegna álagningar aðstöðugjalds og launaskatts hér á landi, sem almennt væru ekki lagðir á erlendis.
2. Til jöfnunar vegna ríkisstuðnings við einstakar iðngreinar erlendis, sem íslenskur iðnaður ætti í samkeppni við.
3. Hækkun jöfnunargjalds vegna mismununar í aðstöðu einstakra innlendra atvinnugreina innbyrðis.

Komst starfshópurinn að þeirri niðurstöðu að rétt væri að láta reyna á röksemdina um jöfnun vegna álagningar aðstöðugjalds og launaskatts gagnvart EFTA og EBE en önnur rök taldi starfshópurinn ekki haldbær í þessu sambandi.

Að fengnu þessu álitu starfshópsins og að tillögu iðnaðarráðherra samþykkti ríkisstjórnin á fundi sínum 6. febrúar 1979 eftirfarandi:

„Að tillögu iðnaðarráðherra var samþykkt að stjórnin lýsti þeirri stefnu, að jöfnunargjald á iðnaðarvörur yrði hækkað úr 3% í 6%, en áður en endanleg ákvörðun yrði tekin skyldi sendinefnd send til EFTA og EBE til að kynna viðhorf Íslands og kanna undirtektir“.

Kynningarnefnd var þá þegar skipuð að tilhlutan tveggja ráðuneyta, viðskiptaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins. Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn: Ingi R. Helgason (formaður), Vilhjálmur Lúðvíksson, Þorsteinn Ólafsson og Jón Skaftason.

Kynningarnefnd þessi fór um miðjan febrúar til aðalstöðva EFTA í Genf og til aðalstöðva Efnahagsbandalagsins í Brussel. Á leiðinni kom nefndin við í danska utanríkisráðuneytinu og átti þar tal við ráðuneytismenn sem gáfu nefndinni leiðbeiningar um framlagningu málsins gagnvart Efnahagsbandalaginu. Í Genf hélt nefndin óformlegan viðræðu- og kynningarfund með öllum fastafulltrúum aðildarríkja EFTA og í Brussel hélt nefndin fund með fulltrúa framkvæmdastjórnar Efnahagsbandalagsins ásamt starfsmönnum hennar.

Hinn 27. febrúar 1979 skilaði kynningarnefndin skriflegri skýrslu um ferð sína, viðræður og viðbrögð, og segir þar meðal annars:

„Það er skoðun nefndarinnar, að mikilvægt hafi verið fyrir framgang málsins að viljayfirlýsing ríkisstjórnarinnar um hækkun jöfnunargjaldsins var kynnt ríkisstjórnnum EFTA landanna og framkvæmdastjórn Efnahagsbandalagsins með sér-

stökum hætti og það áður en endanleg ákvörðun yrði tekin um lögfestingu hækkunarinnar. Það er álit nefndarinnar að samstarfsaðilar okkar innan EFTA og Efnahagsbandalagsins hafi verið móttfallnir áformum um hækkun jöfnunargjaldsins og ekki tekið rökstuðninginn gildan, en þeir hafi hins vegar eftir kynningu nefndarinnar á samráðsfundum sýnt vanda og sjónarmiðum okkar vaxandi skilning og velvilja og að lokum alveg opnað fyrir frekari sameiginlega athugun málsins með það fyrir augum að kanna staðhæfingar okkar um óhagræði íslensks iðnaðar í samkeppnisaðstöðunni og að finna leiðir til að jafna það óhagræði innan ramma samninganna“.

Greinilegt var að aðildarríki EFTA og Efnahagsbandalagsins gátu illa sætt sig við þá röksemd að hækkun jöfnunargjaldsins væri til þess að jafna út skattaóhagræði fyrir íslenskan iðnað sem leiddi af aðstöðugjaldi og launaskatti. Sum gátu fallist á að hér væri um að ræða skattaóhagræði, sem eðlilegt væri að jafna út í sjálfu sér, en gátu ekki samþykkt þessa aðferð þar sem hún gæfi fordæmi fyrir aðra innan samtakanna og þá mundi allt fara úr höndum.

Í ítarlegum umræðum um röksemdafærsluna kom ábending frá Haraldi Kröyer, aðalfulltrúa Íslands hjá EFTA, um breyttan rökstuðning fyrir hækkun jöfnunargjaldsins. Hann minnti á að Gylfi Þ. Gíslason, þáverandi viðskiptaráðherra, hefði á ráðherrafundi EFTA haustið 1970 gert fyrirvara um breytingar sem þá voru gerðar á 20. gr. EFTA samningsins. Haraldur taldi að þessi fyrirvari gæti orðið brúarsporður í röksemdafærslu okkar um hækkun jöfnunargjaldsins, þar sem fyrirvarinn tryggði að aðgerð okkar hefði ekki fordæmisgildi. Gamla 20. gr. EFTA sáttmálans hafði að geyma ákvæði sem heimiluðu einstökum aðildarríkjum að grípa til ráðstafana til þjargar ýmsum iðngreinum sem ættu í vök að verjast vegna tollalækkana sem af EFTA aðildinni leiddu. Þegar Ísland gekk í EFTA 1970 höfðu hinar þjóðirnar allar runnið aðlögunarskeið sitt á enda og höfðu þess vegna engin not fyrir þessi ákvæði 20. gr. Greininni var þess vegna breytt og hún látin taka til annarra vandkvæða en þeirra sem beinlínis leiddu af tollalækkunum. Fyrirvari Íslands var í því fölginn að Ísland áskildi sér sama rétt á aðlögunartímabili sínu og hin EFTA ríkin hefðu notið á aðlögunartíma þeirra. Þessum fyrirvara var ekki mótmælt, heldur var samþykkt á ráðherrafundi EFTA 3. des. 1970 að vandamál Íslands í einstökum iðngreinum, sem á aðlögunartímanum stöfuðu að tollalækkunum, skyldu falla undir hina nýju 20. gr. Fyrirvari Íslands 1970 gagnvart breytingunni á 20. gr. EFTA samningsins hefur þá þýðingu að ráðstafanir Íslands á aðlögunartíma þess geta ekki haft fordæmisgildi fyrir aðrar þjóðir í EFTA sem þegar hafa endað sinn aðlögunartíma.

Þegar hér var komið þótti tímabært að auka á kynningu málsins gagnvart EFTA ríkjum. Viðskiptaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið settu niður nýja nefnd í því skyni að hafa beint samband við ríkisstjórnir allra EFTA ríkjanna til að koma á framfæri pólitískum rökum og upplýsingum um þær aðstæður á Íslandi sem gerðu það nauðsynlegt að fá jöfnunargjaldið hækkað. Í þessa nefnd voru skipaðir fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna, þeir Ingi R. Helgason, Einar Ágústsson og Eiður Guðnason, og með þeim í nefndinni var Jón Skaftason frá viðskiptaráðuneytinu. Með skipun þessarar nefndar og sendiför hennar vildi ríkisstjórn Íslands leggja sérstaka áherslu á þýðingu og alvöru málsins. Þessi nefnd ræddi við ráðherra úr ríkisstjórnnum Noregs, Finnlands, Svíþjóðar, Danmerkur og Sviss og ráðuneytismenn í Austurríki.

Alls staðar kom fram gagnvart nefndinni, að það væri mikils metið, að íslenska ríkisstjórnin kynnti málið með þessum hætti áður en hún tæki endanlega ákvörðun um gjaldtökuna og hvarvetna kom fram góður skilningur á sérstöðu Íslands og þeim vandamálum sem íslenska ríkisstjórnin væri að reyna ráða bót á með þeirri aðgerð sem áformuð væri. Fljótlega varð nefndin þess áskynja í viðræðum sínum við ríkisstjórnir EFTA landanna að réttara væri að breyta um röksemdafærslu. Rétt væri að falla frá þeim hugmyndum að hafa gjaldið til að jafna út launaskatt og aðstöðugjald en taka málið upp í þeim grundvelli að nota fyrirvarann frá 1970

gagnvart 20. greininni og setja á sérstakt aðlögunargjald vegna vandamála íslensks samkeppnisiðnaðar sem augljóslega ættu rætur að rekja til tollalækkana. Vinna ætti að því að efla skilning EFTA ríkjanna á nauðsyn slíkrar ráðstöfunar og fá þau til að samþykkja hana. Á þennan hátt lagði þessi nefnd málið fyrir ríkisstjórnina á fundi með henni 4. maí s.l. og hefur nú ríkisstjórnin í framhaldi af þessari kynningu allri og undirtektum ákveðið að leggja fram það frumvarp sem hér er á ferðinni og heimilar ráðherra að innheimta sérstakt tímabundið 3% aðlögunargjald.

Nefndin mat undirtektir ríkisstjórna EFTA ríkjanna á þann veg að þær mundu samþykkja þessa aðgerð Íslands ef hún yrði gerð á grundvelli fyrirvarans frá 1970, væri tímabundin og í henni væri ekki fólgin mismunun milli einstakra ríkja.

Í þessum búningi er málið hér lagt fyrir og þess er að vænta að EFTA ráðið samþykki aðgerðina innan skamms.

Innan Efnahagsbandalagsins hefur framkvæmdastjórnin sýnt málinu skilning og velvilja og hefur hún lagt það til við aðildarríki Efnahagsbandalagsins að þessi aðgerð Íslands verði „þoluð“, enda þótt hafnað sé rökstuðningnum um jöfnun gagnvart aðstöðugjaldi og launaskatti. Efnahagsbandalaginu er kunnugt um í hvaða farvegi málið er innan EFTA og kemur málaleitan Íslands fyrir á fundi sameiginlegu nefndarinnar, Íslands og Efnahagsbandalagsins, í byrjun júní og verður þá tekin til endanlegrar afgreiðslu.

Af því sem hér að framan hefur verið rakið er ljóst að íslenska ríkisstjórnin hefur í meðferð þessa máls í hvívetna gætt ákvæða þeirra samninga sem Ísland er aðili að gagnvart EFTA og Efnahagsbandalaginu.

Íslenska ríkisstjórnin hefur lagt höfuðáherslu á að kynna sérstöðu málsins og fá afstöðu samstarfsaðilanna í málinu áður en endanleg ákvörðun verður tekin um beitingu þess heimildarákvæðis sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að ráðherra skuli heimilt með setningu reglugerðar að ákveða innheimtu sérstaks tímabundins aðlögunargjalds af innfluttum vörum er renni í ríkissjóð. Gert er ráð fyrir að gjaldið verði almennt lagt á svonefndar verndarvörur, þ. e. þær vörur sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu. Til þess að eigi verði um mismunun að ræða gagnvart innflutningi vara frá hinum ýmsu markaðssvæðum er jafnframt gert ráð fyrir að gjaldið verði lagt á vörur upprunnar í löndum sem standa utan nefndra fríverslunarbandalaga, enda flokkist vörur þessar undir sömu tollskránum og vörur þær sem njóta tollfriðinda á grundvelli nefndra fríverslunarsamninga. Vörur þær sem verða gjaldskyldar samkvæmt ofansögðu verða hinar sömu og gjaldskyldar eru samkvæmt lögum nr. 83/1978 um jöfnunargjald.

Um 2. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að gjaldstofn aðlögunargjalds verði tollverð innfluttrar vöru eins og það er ákveðið samkvæmt lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og gjaldið verði innheimt og njóti sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta er hliðstætt ákvæðum sem tekin hafa verið upp í lög þegar um álagningu nýrra gjalda á innfluttar vörur hefur verið að ræða. Samkvæmt því geta aðilar, sem afhent hafa fullgild aðflutningsskjöl til tollmeðferðar, sbr. 14. gr. laga nr. 120/1976, eða fengið hafa vöru afhenta gegn tryggingu, tollafgreitt vöru endanlega án greiðslu aðlögunargjalds enda fari fullnaðartollafgreiðsla fram innan tilskilins tíma.

Um 4. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Lagt er til samkvæmt þessari grein að vörur sem tollfrjálsar eru skv. 2. gr. tollskrárlaga eða undanþegnar hafa verið tolli að öllu leyti skv. 3. gr. sömu laga verði undantekningarlaust undanþegnar aðlögunargjaldi. Meðal vara sem ákvæði þessu er ætlað að taka til eru m. a. tollfrjáls farangur ferðamanna, vörur til sendiráða, endursendar innlendar framleiðsluvörur, efnivörur í innlendar iðnaðarvörur o. fl.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að ráðherra ákveði í reglugerð hvaða vörur falli undir gjaldskyldu skv. 1. gr. frumvarpsins og að í þeim efnum verði tollskrárnúmer samkvæmt tollskrárlögum látin ráða flokkun vara til gjaldskyldu. Þar sem gert er ráð fyrir að sömu vörur verði gjaldskyldar samkvæmt frumvarpi þessu og nú eru gjaldskyldar samkvæmt lögum nr. 83/1978 um jöfnunargjald er lagt til að ráðherra hafi heimild til þess að ákveða í reglugerð að leggja megi á og innheimta þessi gjöld í einu lagi, svo og að hafa ákvæði um framkvæmd laganna í einni reglugerð. Má ljóst vera að skýrslugjöf vegna þessara gjalda verður einfaldari fyrir innflytjendur auk þess sem endurskoðun og eftirlit af hálfu töllyfirvalda verður mun fljótvirkara.

Gert er ráð fyrir, á sama hátt og gilt hefur um innheimtu jöfnunargjalds, að ákveðnir vöruflokkar verði undanþegnir aðlögunargjaldinu, svo sem skip, tilbúin veiðarfæri og hlutar til þeirra og auðkenndar umbúðir utan um útflutningsvörur. Er því tekin upp í greinina heimild til handa ráðherra til að undanþiggja einstaka vörur gjaldskyldu skv. 1. gr., ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Um 7. gr.

Í þessari grein felst eitt höfuðatriði frumvarpsins fyrir íslenskan iðnað, þ. e. tekjuöflun til iðnþróunaraðgerða í samræmi við iðnaðarstefnu núverandi ríkisstjórnar.

Gert er ráð fyrir að á árinu 1979 muni tekjur af aðlögunargjaldinu nema 500—600 millj. kr. og 1000—1200 millj. kr. á árinu 1980 á verðlagi ársins 1979. Með greininni er lagt til að öllum tekjum af gjaldinu skuli varið til eflingar iðnþróunar. Þar sem gjaldtakan 1979 fellur utan fjárlaga er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin taki ákvörðun um ráðstöfun fjárlagsins á því ári að fengnum tillögum iðnaðar-ráðherra. Á árinu 1980 er gert ráð fyrir að tekjum af gjaldinu verði ráðstafað sérstaklega á fjárlögum á sama hátt.

Af eðli aðlögunargjaldsins leiðir að hér er um tímabundna mjög skv. afmarkaða iðnþróunaraðgerð að ræða, sem ekki er rétt að blanda saman við almenna skattheimtu ríkisins, enda tók ríkisstjórnin þá ákvörðun á fundi sínum 2. janúar 1979 að yrði gjaldið lagt á skyldu tekjur af því renna til eflingar iðnþróunar. Hér er um mjög þýðingarmikið atriði að ræða, sem jafnframt er ein af forsendum þess að vænta megi árangurs af framkvæmd þeirrar iðnaðarstefnu sem nú er unnið að og kynnt verður Alþingi áður en yfirstandandi þingi lýkur.

Þegar jöfnunargjaldið var lagt á með lögum nr. 83/1978 var gert ráð fyrir því að ríkissjóður héldi hluta af tekjum gjaldsins til að mæta kostnaðarauka ríkissjóðs af gjaldtökunni.

Allar horfur eru nú á að jöfnunargjaldið verði framlengt óbreytt þar sem virðisaukaskattkerfi verði ekki komið á í árslok 1980, en með virðisaukaskatti væru afnumin hin svokölluðu uppsöfnunaráhrif söluskatts á framleiðslukostnað fyrir-tækja og því ekki lengur forsendur fyrir álagningu jöfnunargjalds.

Allt öðru máli gegnir um aðlögunargjaldið. Þar er um að ræða aðgerð sem í raun felur í sér ígildi lengingar á aðlögunartíma íslensks iðnaðar að friverslun og verður afnumið í árslok 1980. Af þeim sökum er ekki gert ráð fyrir að ríkis-

sjóður ætli sér hluta af tekjum af gjaldinu heldur verði þeim alfarið varið til brýnna iðnþróunaraðgerða.

Um 8. gr.

Gjaldtaka þessi á að vera tímabundin. Gert er ráð fyrir að hún hefjist 1. júlí 1979 og henni ljúki 31. desember 1980. Gildistími hennar, 18 mánuðir, á rætur að rekja til þess ákvæðis 20. gr. EFTA samningsins að undanþáguaðgerð af þessu tagi skuli ekki standa lengur en í 18 mánuði.